

Matsáætlun Snælandsskóla

2020 – 2024

Efnisyfirlit

Stefna Kópavogsbæjar.....	5
Skólastefna Snælandsskóla	5
Hlutverk Snælandsskóla	5
Framtíðarsýn	5
Meginmarkmið:	5
Stefna Snælandsskóla um innleiðingu kennsluhátta 21. aldar.....	5
Markmið	5
Leiðir	6
Viðmið um árangur.....	7

Inngangur

Sjálfsmat skóla

Sjálfsmat er leið til þess að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfi. Sjálfsmat er einnig leið til þess að miðla þekkingu og upplýsingum um skólastarf. Í sjálfsmati skal koma fram stefna og markmið skóla, skilgreining á leiðum til þess að ná þeim, greining á sterkum og veikum hliðum skólastarfs og áætlun um úrbætur. Megintilgangur þess er að gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Þetta á jafnt við um markmið og áherslu í lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og staðbundin markmið sem skólarnir setja fram í skólanámskrám. Um leið skapar sjálfsmat faglegan grundvöll fyrir úrbætur.

Með sjálfsmati fer fram viðtæk gagnaöflun um skólastarfið sem veitir upplýsingar um í hve miklum mæli árangur skólastarfsins er í samræmi við markmið. Sjálfsmat er ekki unnið í eitt skipti fyrir öll heldur þarf stöðugt að vinna að því. Það er langtímamiðað en ekki einangruð aðgerð. Í sjálfsmatsskýrslu skóla þarf að vera ítarleg lýsing og greining á markmiðum og starfi skólans. Jafnframt er mikilvægt að í sjálfsmatsskýrslu skóla komi fram tillögur um úrbætur.

Í gildandi lögum um grunnskóla eru skýr ákvæði um að skólar skuli innleiða sjálfsmat. Samkvæmt lögnum er skólum í sjálfsvald sett hvaða aðferðum þeir beita við sjálfsmat. Í lögnum eru einnig ákvæði um að á fimm ára fresti skuli menntamálaráðuneytið láta fara fram úttekt á þeim sjálfsmatsaðferðum sem skólar nota.

Mat á skólastarfi þarf að uppfylla ákveðin skilyrði. Það þarf að vera **kerfisbundið** á þann hátt að það er skipulagt með áætlunum fram í tímann. Það þarf að vera **markmiðabundið** og taka mið af stefnu og markmiðum aðalnámskrár og sveitarfélags. Það þarf að vera **samstarfsmiðað** á þann hátt að hagsmunaaðilar skólans, nemendur, starfsmenn og foreldrar hafi áhrif á matið og leitað sé til þessara hópa við gagnaöflun. Matið þarf einnig að vera **samofið öllu skólastarfi** á þann hátt að það nái til allra þátta skólastarfsins. Það þarf að **byggja á traustum gögnum** og vandaðri gagnaöflun. Vera **greinandi og umbótamiðað** þar sem niðurstöður eru greindar í styrkleika og veikleika og gerð áætlun um úrbætur. Matið þarf að vera **opinbert** og niðurstöður birtar á heimasíðu skólans án þess þó að birtar séu persónugreinanlegar eða viðkvæmar upplýsingar.

Matsteymi Snælandsskóla stýrir skipulagi matsins og ber ábyrgð á framkvæmdinni. Það sinnir eftirfylgni í samráði við skólastjóra. Matsáætlanir eru gerðar til lengri og skemmri tíma og halda utan um skipulagið. Viðfangsefni innra mats eru samkvæmt stefnu og markmiðum og metið hvort markmiðum hafi verið náð. Helstu viðfangsefni matsins eru: **Nám og kennsla, mannauður, stjórnun, skólabragur og innra mat** auk **sérstakrar áherslu skólans** á spjaldtölvunotkun og teymiskennslu. Samhliða matinu setur skólinn fram viðmið um árangur.

Matskýrsla innra mats Snælandsskóla tekur til styrkleika og veikleika í skólastarfinu. Snælandsskóli vill miða sig við landsmeðaltal í Skólapúlsinum og meðaltal skólanna í Kópavogi í Selfie. Niðurstöður sem telja yfir landsmeðaltali teljast til styrkleika skólans en þær sem eru undir landsmeðaltali lítum við á sem veikleika og tækifæri til að gera betur.

Matsþættir innra mats Snælandsskóla eru eftirfarandi:

- Nám og kennsla
 - Árangur og framfarir
 - Skipulag náms

- Kennsluhættir
- Lýðræðisleg vinnubrögð
- Skóli án aðgreiningar
- Mannauður
 - Starfsánægja og líðan starfsmanna
 - Fagmennska
- Stjórnun
 - Stjórnun skólans
 - Leiðtogahæfni stjórnenda
 - Faglegt samstarf
 - skólaþróun
 - Áætlanir (starfsáætlun, skólanámskrá og viðmið um skólastarf)
- Skólabragur
 - Viðmót og menning
 - Líðan nemenda
 - Samstarf heimila og skóla
- Innra mat
 - Framkvæmd mats
 - Umbótastarf
- Áherslur Snælandsskóla
 - Spjaldtölvur í skólastarfi
 - Teymiskennsla

Gagnaöflun innra mats Snælandsskóla fer fram með árlegri fyrirhögn **Skólapúlsins** hjá nemendum í 6. – 10. bekk. Þá **eru foreldrakönnun Skólapúlsins og starfsmannakönnun Skólapúlsins** lagðar fyrir annað hvort ár. **Olweusarkönnun** er lögð árlega fyrir nemendur á mið- og unglingastigi. **Selfie** sem er matstæki fyrir notkun tækni í skólastarfinu er lagt fyrir starfsmenn og nemendur árlega sem og **Öryggiskönnun** öryggisteymis skólans. Þá leggur skólinn niðurstöður **starfsmannasamtala** og niðurstöður **umhverfisráðs, lýðræðis- og mannréttindateymis** og annarra funda með nemendum til grundvallar í gerð matsins.

Á hverju ári er lögð fram tímasett umbótaáætlun í Starfsáætlun skólans með helstu sameiginlegum verkefnum í sjálfsmati, þar kemur einnig fram hverjir eru ábyrgðaraðilar og þátttakendur. Einnig er sett fram umbótaáætlun til 3ja ára í senn. Skólanefnd Kópavogs hefur samþykkt þátttöku skólanna í Kópavogi í Skólavoginni og einnig Selfie sem eru mælitæki fyrir skólastarf þar sem kannanir eru lagðar fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn.

Stefna og markmið Snælandsskóla

Stefna og markmið Snælandsskóla taka mið af skólafélaginu Kópavogsbæjar.

Stefna Kópavogsbæjar



Menntun fyrir alla – tryggja öllum jafnan aðgang að góðri menntun og tækifærum til náms alla ævi.

Eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgað umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt viðeigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.

Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem ætlað er að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.

Skólafélag Snælandsskóla

Skólafélag Snælandsskóla einkennist af góðum skólafélagi sem grundvallast á gagnkvæmu trausti og virðingu í öllum samskiptum. Áhersla er lögð á að hver og einn þroski hæfileika sína á eigin forsendum. Í Snælandsskóla er unnið að heilbrigðum lífsháttum í sátt við náttúru og umhverfi. Að nýta þau tækifæri sem tækni í skólafélagi Snælandsskóla býður upp á til þess að skapa vettvang fyrir framsækið skapandi skólafélag.

Hlutverk Snælandsskóla

Hlutverk Snælandsskóla er að skapa bestu aðstæður til þess að nemendur og kennarar fái nýtt þá möguleika sem tækni býður upp á til þess að efla grunnstoðir skólafélags samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla.

Framtíðarsýn

Skólafélag Snælandsskóla einkennist af skapandi starfsumhverfi og fjölbreyttum kennsluháttum sem byggja á vináttu og virðingu fyrir fólki, náttúru og umhverfi.

Meginmarkmið:

- Að nemendur þroski hæfileika sína á eigin forsendum.
- Að skólafélagið einkennist af skapandi starfsumhverfi og fjölbreyttum kennsluháttum sem byggja á vináttu og virðingu fyrir fólki, náttúru og umhverfi.
- Að nemendur tileinki sér heilbrigð lífsviðhorf og lífsstíl.

Stefna Snælandsskóla um innleiðingu kennsluhátta 21. aldar

Markmið

- Ábyrgð nemenda á eigin námi aukist.
- Nemendur setji sér markmið og áætlanir um nám sitt.
- Nemendur eigi aukið val um verkefni og viðfangsefni í námi sínu.
- Nemendur takist á við raunverkefni sem efli umhverfisvitund og heilbrigðan lífsstíl.
- Nemendur virki sköpunarkraft sinn og vinni í auknum mæli að skapandi verkefnum og nýsköpun..

- Nemendur nýti sér tækni í undirbúningi, vinnslu og skilum á verkefnum.
- Nemendur þrói með sér sterka siðferðisvitund í netheimum.
- Samvinna kennara aukist.

Leiðir

Kennarar

- Kennarar fái tækifæri til að koma með hugmyndir og hafa áhrif á hvernig breytingar verði í skólasterfinu.
- Kennarar eigi samtál og samráð um útfærslur á kennslunni.
- Kennarar skoði og byggi á þeim styrkleikum sem eru fyrir í skólasterfinu.
- Kennarar fái tíma, fræðslu og tækifæri til að skoða hvað vel er gert til að undirbúa breytingar.
- Lagt verði reglulega mat á framvindu og gang breytinganna og brugðist við þar sem þörf er á.

Yngsta stig

- Teymiskennsla í árgöngum. Bekkir verði felldir niður og rætt um árganga og hópa innan þeirra. Kennarar vinni að kennslu árganga í samvinnu.
- Áhersla verði lögð á samþættingu námsgreina og þemavinna, sögurammar og hópverkefni verði reglulegur þáttur í skólasterfinu.
- Notkun spjaldtölva (bekkjarsett) verði markvisst samtvinnuð námi og kennslu með áherslu á grunn öpp.
- Snillismiðja verði fastur liður í skólasterfinu.
- Áhersla verði lögð á stafræna borgaravitund í allri vinnu með spjöld og tækni.
- Áhersla verði lögð á að nemendur tileinki sér heilbrigðan lífsstíl og umhverfisvernd.

Miðstig

- Teymiskennsla árganga. Bekkir verði felldir niður og rætt um árganga og hópa innan þeirra. Kennarar vinni saman að kennslu árgangs.
- Áhersla verði lögð á samþættingu námsgreina og þemavinnu, sögurammar og hópverkefni verði reglulegur þáttur í skólasterfinu.
- Notkun spjaldtölva með áherslu á margmiðlun verði markvisst samtvinnuð námi og kennslu
- Snillismiðja verði fastur liður í skólasterfinu.
- Áhersla verði lögð á stafræna borgaravitund í allri vinnu með spjöld og tækni.
- Áhersla verði lögð á að nemendur tileinki sér heilbrigðan lífsstíl og umhverfisvernd.
- Námsmat verði fjölbreytt og dregið úr vægi og notkun prófa.

Unglingastig

- Stundaskrár verði endurhugsáðar með samþættingu námsgreina og þemaverkefni í huga þar sem byggt er á samvinnu kennara.
- Teymiskennsla árganga. Bekkir verði felldir niður og rætt um árganga og hópa innan þeirra. Kennarar vinni saman að kennslu árgangs.
- Nemendur geri áætlanir um námsframvindu sína.
- Áhersla á rauntengd verkefni og kennsluhætti þar sem nemendur fá aukin tækifæri til að velja sér leiðir til úrvinnslu verkefna.
- Notkun spjaldtölva verði markvisst samtvinnuð námi og kennslu með áherslu á ábyrga notkun og skilning á samfélagsmiðlum.

- Snillismiðja verði fastur liður í skólastarfinu.
- Vægi verk- og listgreina og val nemenda verði aukið.
- Áhersla verði lögð á stafræna borgaravitund í allri vinnu með spjöld og tækni.
- Áhersla verði lögð á að nemendur tileinki sér heilbrigðan lífsstíl og umhverfisvernd.
- Námsmat verði fjölbreytt og dregið úr vægi og notkun prófa.

Viðmið um árangur

Yngsta stig

- Árgangamiðuð kennsla.
- Samþætting námsgreina og skapandi vinna einkenni skólastarfið.
- Notkun tækni sé markviss og samtvinnuð námi.
- Vel upplýstir nemendur með heilbrigðan lífstíl og viðhorf til umhverfis síns.

Miðstig

- Árgangamiðuð kennsla.
- Samþætting námsgreina og skapandi vinna einkenni skólastarfið.
- Notkun tækni sé markviss og samtvinnuð námi.
- Fjölbreytt námsmat.
- Vel upplýstir nemendur með heilbrigðan lífstíl og viðhorf til umhverfis síns.

Unglingastig

- Sveigjanleg stundaskrá og árgangamiðuð kennsla.
- Samþætting námsgreina og skapandi vinna einkenni skólastarfið.
- Markmiða- og áætlanastýrð kennsla með áherslu á raunverkefni og val nemenda á útfærslum.
- Val- og verklegar greinar séu áberandi í skólastarfinu.
- Notkun tækni sé markviss og samtvinnuð námi.
- Fjölbreytt námsmat.
- Vel upplýstir nemendur með heilbrigðan lífstíl og viðhorf til umhverfis síns.

Áætlun um innramat í Snælandsskóla

Áætlun um innra mat í Snælandsskóla tekur til þriggja ára í senn og byggir á niðurstöðum gagnasöfnunar ár hvert auk niðurstöðu úr ytra mati MMS.

Matsþættir	2020 - 2021	2021 - 2022	2022 - 2023	2023 - 2024
Nám og kennsla				
• Árangur og framfarir	x	x	x	x
• Skipulag náms og námsmats	x	x	x	x

• Kennsluhættir	x	x	x	x
• Lýðræðisleg vinnubrögð	x	x	x	x
• Skóli án aðgreiningar	x	x	x	x
Mannauður				
• Starfsænaegja og líðan starfsmanna	x	x	x	x
• Fagmennska	x	x	x	x
Stjórnun				
• Stjórnun skólans	x	x	x	x
• Leiðtogafærni	x	x	x	x
• Faglegt samstarf	x	x	x	x
• Skólaþróun	x	x	x	x
• Áætlanir	x	x	x	x
Skólabragur				
• Viðmót og menning	x	x	x	x
• Líðan nemenda	x	x	x	x
• Samstarf heimila og skóla	x		x	
Innra mat				
• Framkvæmd mats		x		x
• Umbótastarf		x		x
Áherslur Snælandsskóla				
• Spjaldtölvur í skólastarfi	x	x	x	x
• Teymisvinna		x		x
• Flæði		x		x
• Frelsi		x		x
• Fagvinna		x		x

Tímasett matsáætlun

Mánuður	Viðfangsefni	Ábyrgð	2020 - 2021	2021- 2022	2022- 2023	2023- 2024
ág	Námskynningar og samtöl með foreldrum um skólastarfið	Umsjónarkennarar	x	x	x	x
sept	Uppfærð starfsáætlun	skólastjórnendur	x	x	x	x
	Samræmd próf í 4. og 7. bekk	deildastjórar	x	x	x	x
	Skólapúlsinn lagður fyrir 6. – 10. bekk	UT kennari	x	x	x	x
	Niðurstöður Olweusar könnunar kynntar	Teymi	x	x	x	x
okt	Skýrsla um innra mat kynnt starfsmönnum	Innra mats teymi		x	x	x
nóv	Niðurstöður úr samræmdum prófum	deildastjórar	x	x	x	x
	Skýrsla um innra mat kynnt skólaráði	skólastjóri	x	x	x	x
	Skólapúlsinn lagður fyrir 6. – 10. bekk	UT kennari				
	Olweusar könnun lögð fyrir 4. – 10. bekk	UT kennari og námsráðgjafi	x	x	x	x
jan	Námsmat	Kennarar	x	x	x	x
	Starfsmannasamtöl hefjast	Skólastjórnendur	x	x	x	x
	Skólapúlsinn lagður fyrir 6. – 10. bekk	UT kennari	x	x	x	x
feb	Námsmat	kennarar	x	x	x	x
	Skólavogin starfsmannakönnun	UT kennari		x		x
	Skólavogin foreldrakönnun	UT kennari	x		x	
	Könnun á áhugasviði kennara	Skólastjórnendur	x	x	x	x
mars	Skólapúlsinn lagður fyrir 6. – 10. bekk	UT kennari	x	x	x	x
	Öryggiskönnun lögð fyrir starfsmenn	Öryggisteymi	x	x	x	x
	Samræmd próf í 9. bekk			x	x	x
apr	Skólapúlsinn lagður fyrir 6. – 10. bekk	UT kennari	x	x	x	x
maí	Skólapúlsinn lagður fyrir 6. – 10. bekk	UT kennari	x	x	x	x
júní - ág	Matsfundur um skólaþróun. Teymi skila skýrslum og setja markmið fyrir næsta skólaár	Stjórnendur, kennarar og stuðningsfulltrúar		x	x	x
	Uppfærð starfsáætlun fyrir næsta skólaár	stjórnendur	x	x	x	x
	Skýrsla matsteymis	Innra mats teymi	x	x	x	x
	Niðurstöður matsfundar kynntar í skólaráði	Skólastjóri	x	x	x	x